

Kennsluáætlun í Upplýsinga- og Tæknimennt - 9.-10. bekkur 2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsluaðferðir

Farið verður yfir upplýsinga hæfni, tæknifærni, umræður og rökræður.

Farið verður í efni samhliða aðalnámskrá grunnskóla.

Áhersla er lögð á hæfni í að tileinka sér, umskrifa og miðla upplýsingum.

Áhersla er lögð á færni í ýmsum þjónustum og miðlum netheimsins. (Google Drive, email o.s.fr.)

Heimspekilegar, pólitískar og siðferðislegar umræður er varða tækni, upplýsingasöfnun og upplýsingamiðlun.

Farið verður yfir hönnun og uppsetningu verkefna og hvernig tölvunotkun getur nýst þar.

Hæfniviðmið

Að nemandi:

-kunni að afla sér upplýsinga sér til gagns og getur fræðst sjálfstætt með aðstoð veraldarvefsins.

-kunni að vinna með upplýsingar með mismunandi tólum sem eru viðeigandi í framhaldsnámi

-geti lagt mat á áreiðanleika upplýsinga á netinu

-geti skipulagt verkefnavinnu skref fyrir skref og haldið utan um alla þætti þess á skipulagðan hátt

Námsmat

Verkefnaskil

Virkni og þátttaka í tímum

Samskipti við samnemendur og kennara

Verkefni

Unnið verður bæði með einstaklings- og hópverkefni sem krefjast rannsóknarvinnu, hugmyndafræði, rökstuðnings og fagurfræði. Verkefnin munu krefjast tölvunotkunar, handavinnu og samskipta.